BRENDA PREHAL

# *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Hjaltadal og á Skaga.*



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2021/244

*Forsíðumynd: Horft til norðvesturs yfir hænsnakofa við Foss.*

**© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga**
**2021/244**

# Efnisyfirlit

Inngangur....4
Tilgangur fornleifaskráningar....4
Aðferðarfræði ....5
Fornleifaskráning ....7
Samantekt ....64
Heimildaskrá ....75
Hnitaskrá....78

# Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna ljósleiðara í Hjaltadal og á Skaga að beiðni Vals Valssonar verkefnastjóra – Skagafjarðarveitna. Skráning  á vettvangi fór fram dagana 24. 06 – 09.07.2021. Fyrirhuguð lagnaleið er um 34km að lengd í Hjaltadal og um 38km á Skaga. Alls voru 36 býli skoðuð. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

**Verknúmer Minjastofnunar Íslands:** 2696

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.[1] Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri […]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. […] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi […]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

---

1 Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

# Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint tóft í landi Reykir raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Reykir 2696-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda vegna lagningar ljósleiðara og hitaveitu í Hrútafirði og á Heggstaðanesi.

Við skráningu jarðstrengja eru skoðaðir 15m til beggja hliða út frá strenglögninni.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá verkkaupa.

# Fornleifaskrá

## Hjaltadalur




*Mynd 1. Minjar 2696-1 -7.*

**Reykir 2696-1**

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar stóð gamli bærinn um 45m SA af búðarhúsinu á Reykjum (2011, bls. 109).

**Lýsing**

Engar fornleifar fundust við skráningu.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hún [Ottaskemma] var frístandandi norðan við hlóðeldhúsið..." (1999, bls. 109).

**Reykir 2696-2**

**Sérheiti:** Ottaskemma

**Hlutverk:** Skemma

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 13m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 25m suður af íbúðarhúsinu á Reykjum er tóft.



*Mynd 2. 2696-2, horft til SV.*

**Lýsing**

Tóftin er um 10m x 18,5m að utanmáli og liggur NV-SA. Inngangurinn er í austri. Hún er úr grjóti og torfi og er grasi og mosa gróin. Vesturveggurinn er úr sex röðum af grjóti með fjórum röðum af klömbruhnaus ofan á. Veggirnir eru mest um 1,9m á hæð og allt að 2m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ottaskemman…var frístandandi norðan við hlóðaeldhúsið en áfast norðan við hana var hesthús og smiðja þar nokkrum metrum norðan við" (2011, bls. 109).

**Reykir 2696-3**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 9,5m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 18,5m suður af íbúðarhúsinu á Reykjum er tóft.



*Mynd 3. 2696-3, horft til SV.*

**Lýsing**

Tóftin er um 5,5m x 7m að utanmáli og liggur V-A. Inngangurinn er í austri. Veggir eru grasi og mosa grónir en sér í grjót í veggjum. Veggirnir eru hæstir um 90cm á hæð og um 2,5m á breidd.

**Reykir 2696-4**

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Mikil hætta – um 5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 35m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er dæld.

**Lýsing**

Dældin er um 3,5m í þvermál.



*Mynd 4. 2696-4, horft til SV.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ottaskemman…var frístandandi norðan við hlóðaeldhúsið en áfast norðan við hana var hesthús og smiðja þar nokkrum metrum norðan við“ (2011, bls. 109). Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 109) og Ástvaldi Jóhannessyni bónda frá Reykjum er dældin leifar smiðjunnar (munnleg heimild: 24.06.21).

**Reykir 2696-5**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta – um 5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Reykja frá 1916 var heimreiðin suður af íbúðarhúsinu.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni.

**Reykir 2696-6**

**Hlutverk:** Hlaða

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 10,5m austan við fyrirhugaðalagnaleið

**Staðhættir**

Um 24m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er hlöðutóft.

**Lýsing**

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda var þetta hlaðu (munnleg heimild: 24.06.21). Tóftin er úr grjóti og er grasi og mosa gróin. Hún liggur NV-SA. Tóftin er skemmd mót austri þar sem núverandi hlaða stendur.



*Mynd 5. 2696-6, horft til NV.*

**Reykir 2696-7**

**Sérheiti:** Þorsteinshús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda voru fjárhús undir núverandi hlöðu (munnleg heimild: 24.06.21).

**Lýsing**

Fjárhús eru horfin.

**Reykir 2696-8**

**Hlutverk:** Stöðull

**Tegund:** Steinlögn

**Hættumat:** Mikil hætta – 3,5m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 120m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum og rétt vestan við heimreiðina er steinlögn.




*Mynd 6. 2696-8.*

**Lýsing**

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda er steinlögnin undirstöður stöðuls sem þarna stóð (munnleg heimild: 24.06.21). Steinlögnin er um 3m x 3,5m að utanmáli og er illgreinanleg.

**Reykir 2696-9**

**Hlutverk:** Túnhreinsun

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Hætta – um 6m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 170m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er þúst með töluverðu grjóti.

**Lýsing**

Samkvæmt Ástvaldi Jóhannessyni bónda eru þetta minjar um túnahreinsun (munnleg heimild: 24.06.21).



*Mynd 7. 2696-9, horft til NV.*

**Reykir 2696-10**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 190m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er illgreinanleg, um 4m x 7m að utanmáli og liggur NA-SV. Hún er grasi gróin en sér í grjót í veggjum. Veggirnir eru um 40cm á hæð.




*Mynd 8. 2696-10.*

**Reykir 2696-11**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

**Hættumat:** Mikil hætta – um 5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 215m NV af íbúðarhúsinu á Reykjum, rétt austan við heimreiðina og beint suður af læk er steinlögn.

**Lýsing**

Steinlögnin er um 1,5m x 2m að utanmáli og liggur NV-SA.




*Mynd 9. 2696-11.*

**Hvammur 2696-12**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 140m vestur af íbúðarhúsinu í Hvammi er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er úr grjóti og er vel greinanlegt. Það er um 460m langt, um 40cm hátt og um mest 1,5m á breidd. Garðlagið liggur NA-SV.



*Mynd 10. 2696-12, horft til N.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stefán Sigurgeirsson bóndi í Hvammi 1903-1935 hlóð grjótgarð um Hvammstún að 2/3 hlutum en hinn hlutann girti hann með skurðum og gaddavír. Er grjótgarðurinn að ofan að hluta, niður að sunnan og síðan út og niður meðfram eyrunum“ (2011, bls. 106).

**Hvammur 2696-13**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Hætta – um 13m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 1,4km NA af íbúðarhúsinu á Hvammi er dæld.

**Lýsing**

Dældin er um 2,5m x 8m að utanmáli, um 40cm djúp og liggur NA-SV.




*Mynd 11. 2696-13.*

**Hrafnhóll 2696-14**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta – um 6,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 99) um 235m SA af fjárhúsinu á Hrafnhóli og um 20m vestan við Hjaltadalsveg er rétthleðsla.



*Mynd 12. 2696-14, horft til NV.*

**Lýsing**

Hleðslan er úr grjóti með torfi á og liggur NA-SV. Hún er um 8,5m x 15m að utanmáli. Veggirnir eru um 2m á breidd og um 80cm á hæð. Hleðslan er vel greinanleg en er grasi og mosa gróin.

**Hrafnhóll 2696-15**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Hrafnhóls frá 1916 heimreiðin lá að líkindum á sama stað og núverandi heimreið.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni en þarna er nú akvegur.

**Múli 2696-16**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Hætta – um 5,5m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 105m SA af íbúðarhúsinu á Múla er þúst.

**Lýsing**

Þústin er um 6m í þvermál, um 1m á hæð og grasi gróin.



*Mynd 13. 2696-16, horft til N.*

**Hlíð 2696-17**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Hlíðar frá 1916 var heimreiðin austur af gamla torfbænum.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni en þarna er nú slétt tún.

**Hlíð 2696-18**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Hlíðar frá 1916 var útihús SA af gamla torfbænum.

**Lýsing**

Engar minjar fundust við vettvangsskráningu.




*Mynd 14. Minjar 2696-19-25.*

**Hof I 2696-19**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta - Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu og minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

**Staðhættir**

Íbúðarhúsið á Hofi I stendur á gamla bæjarstæðinu (Pálsson 2011 bls. 126, Zoëga 2012 bls. 22).

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði.

**Hof I 2696-20**

**Sérheiti:** Hestasteinn, Blótsteinn

**Hlutverk:** Hestasteinn

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hættumat:** Hætta – um 5,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 20m suður af íbúðarhúsinu á Hofi er stór steinn.



*Mynd 15. 2696-20 og 21, horft til NV.*

**Lýsing**

Steinninn er um 1,55m x 2m að utanmáli og um 1,5m á hæð. Hvorki járnhringur né aðrar merkingar sáust.

**Aðrar upplýinsgar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hann [hestasteinninn] stóð sunnan við bæjarhornið á Hófi. Þegar bænum var rutt var steinninn látinn óhreyfður en hóllinn lækkaður svo að steinninn stóð á sléttu. Var síðan gerð að honum snidduhleðsla upp í sömu hæð og hann áður hafði haft upp úr jörð, um 130-140sm. Sterklegur járnhringur var festur í steininn sem notaður var sem hestasteinn, einn sá voldugasti er um getur. Hringurinn er nú horfinn" (2011, bls. 130).

**Hof I 2696-21**

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Beint sunnan við íbúðarhúsið á Hofi I, á milli þess og Hestasteinsins [2696-20] er kirkjugarður.

**Lýsing**

Kirkjugarðurinn sést ekki á yfirborði en beinagrindur hafa að minnsta kosti komið tvívegis í ljós við framkvæmdir. Ekki er vitað um útmörk garðsins og stærð hans því ekki þekkt.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í byrjun október 1955 var lagt til atlögu við gamla torfbæinn með jarðýtu og honum skóflað suður og vestur af brekkunni. Flettist þá ofan af nokkrum beinagrindum sem lágu þar í hólbrúninni…Sjötta gröfin með yfirbreiddri steinahleðslu var látin óhreyfð fáeina metra norðvestur af Hestasteinninn…Sumarið 1981 var grafið fyrir heimataug Hitaveitu Hjaltadals í íbúðarhúsin á Hófi I og Hofi II. Skurðurinn var þá lagður gegnum bæjarhólinn 3-4 metrum sunnan við íbúðarhúsið á Hofi I. Þá koma aftur í ljós beinagrindur…Löngu síðar voru bein í tveimur gröfum aldursgreind með C-14 kolefnisaðferð og gáfu þær rannsóknir til kynna að beinin væru frá miðri 13.öld“ (2011, bls. 129-130).

**Hof I 2696-22**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Katrínu Gunnarsdóttur um 20m austur frá íbúðarhúsinu á Hofi var fjós (Gunnarsdóttir 2000-3, bls. 10).

**Lýsing**

Fjósið var rifið um 1979 (Gunnarsdóttir 2000-3, bls. 10).

**Hof I 2696-23**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Hesthús stóð þar sem íbúðarhúsið á Hofi I stendur nú.

**Lýsing**

Horfin.

**Hof I 2696-24**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Hofs frá 1916 lá heimreiðin lá að líkindum á sama stað og núverandi heimreið.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni og þarna er nú akvegur.

**Hof II 2696-25**

**Sérheiti:** Krummasteinn

**Hlutverk:** Blótsteinn

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Krummasteinninn á Hofi stóð uppi á efri brekkubrún, skammt vestan við íbúðarhúsið Hof II“ (2011, bls. 130).

**Lýsing**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 130) var steinninn fluttur árið 1955 þegar bæjarhóllinn var hækkaður.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Honum var hvolft suður í lækjargil mikið haustið 1955 þegar hóllinn var lækkaður og gilið fyllt upp“ (2011, bls. 130).




*Mynd 16. Minjar 2696-26-32.*

**Hólar 2696-26**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 280m suður af Hóladómkirkju er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 50m langur og um 1m djúpur.

**Hólar 2696-27**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta - um 9,5m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 270m suður af Hóladómkirkju er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er um 65m langt og liggur V-A. Það er um 1,5m á breidd, um 90cm á hæð og grasi gróið. Samkvæmt túnakorti Hóla frá 1919 garðlagið leifar túngarðsins.



*Mynd 17. 2696-27, horft til A.*

**Hólar 2696-28**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 150m SV af Hóladómkirkju er gamall vegur.



*Mynd 18. 2696-28, horft til A.*

**Lýsing**

Vegurinn er um 155m langur og liggur N-S. Hann erum 5m á breidd, um 1m á hæð, og vel greinilegur.

**Hólar 2696-29**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Í túni, um 500m vestur af Hóladómkirkju og um 10m austur af fyrirhuguðri lagnaleið voru fjárhús.

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði og þarna er nú slétt tún.

**Aðrar upplýsingar**

Árið 2000 skráði Katrín Gunnarsdóttir fjárhústóftina: „Lítið sést af fjárhúsum þessum, nema L-laga tóftarbrot 9m breidd og 14m langt veggjaþykkt um 3m og veggjahæð 0.2-0.3m, allt grasi gróið" (Gunnarsdóttir 2000-3, bls. 20).




*Mynd 19. Minjar 2696-30-32.*

**Hólar 2696-30**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 530m NV af Hóladómkirkju og um 105m sunnan við grunnskólann Hólum er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn liggur V-A og er í tveimur hlutum sem hvor um sig eru 12m langir og um 1m djúpar.

**Hólar 2696-31**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 545m NV af Hóladómkirkju og um 100m sunnan við grunnskólann Hólum er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er illgreinanlegt, grasi gróið, um 150m langt.. Það er allt að 4,5m á breidd og um mest 80cm á hæð.

**Hólar 2696-32**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Mikil hætta – 2m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 560m NV af Hóladómkirkju og um 85m sunnan við Grunnskólann Hólum er dæld.

**Lýsing**

Dældin er um 1,5m x 2,5m að utanmáli og um 30cm djúp.




*Mynd 20. Minjar 2696-33-36.*

**Efri-Ás 2696-33**

**Hættumat:** Mikil hætta – 5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 20m austur af sumarbústaðnum Ásholt er gata.

**Lýsing**

Gatan byrjar um 20m austan við sumarbústaðinn og er greinanleg á um 380m löngum kafla. Hún liggur frá vestri til austur.



*Mynd 21. 2696-33, horft til V.*

**Efri-Ás 2696-34**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 180m austur af sumarbústaðnum Ásholti er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er illgreinanlegt, hrunið, um 40m að lengd, um 2m á breidd og um 30cm á hæð.



*Mynd 22. 2696-34, horft til NV.*

**Efri-Ás 2696-35**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 165m austur af sumarbústað í Ásholt er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur í boga, frá vestri til austurs efst í brekkunni en síðan til suðurs. Það er greinilegt á um 40m kafla og er um 1,5m á breidd og mesta hæð er 70 cm. Garðlagið er grasi og mosa gróið og greinilegast nyrst.



*Mynd 23. 2696-35, horft til SA.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þar er greinilega fornbýli með nokkrum mjög fornlegum tóftarbrotum kringdum túngarði sem rekja má nánast óslitið allt umhvervis" (2011, bls. 264).

**Efri-Ás 2696-36**

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta – 2,5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 100m SA af sumarbústaðnum Ásholti er hleðsla.



*Mynd 24. 2696-36, horft til SA.*

**Lýsing**

Hleðslan er úr torfi. Hún er um 50cm á hæð, allt að 2,5m á breidd og grasi og mosa gróin.

**Efri-Ás 2696-37**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 11m norðan við fyrirhuguða línu

**Staðhættir**

Um 155m NV af sumarhúsinu á Sjónarhóli, rétt austan við akveg og um 660m NV af íbúðarhúsinu á Efra-Ási er tóft.



*Mynd 25. 2696-37, horft til V.*

**Lýsing**

Tóftin er úr grjóti, um 6m x 11,5m að utanmáli og grasi gróin. Hún liggur N-S með kró í norðurhlutanum sem er hlíðið í norðvestri og rétt í suðurhlutanum sem er hlíðið í suðvestri. Veggirnir eru um 40cm á hæð og allt að 2,5m á breidd.

**Neðri-Ás 2696-38**

**Hlutverk:** Óþekkt, náttúrulegt, kuml?

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 620m NV af sumarhúsinu á Sjónarhóli, um 980m SV af íbúðarhúsinu á Neðra-Ási III efst á hól er þúst.



*Mynd 26. 2696-38, horft til N.*

**Lýsing**

Þústin er um 1 x 2m að utanmáli. Hún er líklega náttúruleg en staðsetning af þessu tagi er algeng fyrir kuml.

**Neðri-Ás 2696-39**

**Sérheiti:** Gerði

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls.281) voru fjárhús, nefnd Gerði, þar sem íbúðarhúsið á Neðra-Ási II stendur nú.

**Lýsing**

Gerðishúsin eru horfin.



*Mynd 27. Minjar 2696-40-44.*

**Kálfsstaðir 2696-40**

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Mikil hætta – Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu og minjar geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirborði.

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar var gamli bærinn rétt norðan við og undir núverandi íbúðarhúsi á Kálfsstöðum (2011, bls. 86).

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði en minjar geta leynst í jörðu.

**Kálfsstaðir 2696-41**

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið og geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirboði

**Staðhættir**

Samkvæmt Sigurjóni Páli Ísakssyni (2008, bls. 163) og Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 86) var stór öskuhaugur rétt norðvestur af íbúðarhúsinu á Kálfsstöðum.

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði en minjar er líklega undir jörðinni. Teikningin er byggð á teikningu Sigurjóns Páls Ísakssonar (2008, bls. 165).

**Kálfsstaðir 2696-42**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Kálfsstaða frá 1917 var heimreiðin rétt vestur af gamla bænum.

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði en þarna er nú slétt tún.

**Kálfsstaðir 2696-43**

**Sérheiti:** Smiðjutóft

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Um 35m NV af íbúðarhúsinu á Kálfsstöðum og um 2m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið var smiðjutóft.

**Lýsing**

Tóftin er horfin vegna framkvæmda

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á lækjarbakka 30-40m norðan við íbúðarhúsið var tóftarbrot sem kallað var Smiðjutóft. Þar stóð smiðja fram undir aldamótin 1900“ (2011, bls. 86).




*Mynd 28. 2696- 46-52.*

**Kjarvalsstaðir 2696-46**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 275m SV af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 3,5m x 7m að utanmáli og er illgreinanleg. Hún liggur N-S og inngangurinn er í norðri. Veggir eru hrundir, um 1,5m á breidd og 40cm á hæð.




*Mynd 29. 2696-46.*

**Kjarvalsstaðir 2696-47**

**Hlutverk:** Fjárhús, rétt

**Tegund:** Tóft, hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta – 5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 220m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum er fjárhústóft og og sambyggð rétt.



*Mynd 30. 2696-47, horft til NV.*




*Mynd 31. 2696-47.*

**Lýsing**

Fjárhústóftin er til austurs og eru veggir hennar að mestu grasi og mosa grónir. Hún liggur NV-SA og er um 8 x 11m að utanmáli. Veggirnir eru allt að 2m á breidd og um 40cm á hæð. Norðurhlutinn er heillegri en suðurhlutinn. Garðinn er um 6m langur, 1m á breidd og steypt ofan á suðurenda hanns. Vestan við fjárhústóftina er grjóthlaðin rétt. Hún er 12m x 14m að utanmáli. Suðurhluti réttarinnar er grasi gróinn. Vesturhlutinn er úr fjórum röðum af grjóti sem standa sæmilega en norðurhlutinn er hruninn. Hleðslan er allt að 2m á breidd og allt að 1m á hæð.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túni eru rústir af gömlu sauðahúsi og þar hjá allstór grjóthlaðin rétt” (2011, bls. 77).

**Kjarvalsstaðir 2696-48**

**Hlutverk:** Fjárhús?

**Tegund:** Steinlögn

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 210m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum á hrygg við lækinn er steinlögn.



*Mynd 32. 2696-48, horft til NV.*

**Lýsing**

Steinlögn er um 4m x 6,5m að utanmáli.

**Kjarvalsstaðir 2696-49**

**Sérheiti:** Sauðhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta – um 10m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 185m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum er hleðsla.




*Mynd 33. 2696-49.*

**Lýsing**

Lítið sést eftir af tóftinni nema grunnurinn og austurvegur. Hleðslan er um 7 x 8m að utanmáli og liggur N-S. Austurveggurinn er úr grjóti, um 2m á breidd, um 40cm á hæð og grasi gróinn. Garðinn er ill greinanlegur.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Syðst í túni eru fjárhúsin en upp af þeim, efst í túninu, eru tóftir af Sauðhúsinu og fjárrétt sem þar var byggð upp við sundið" (2011, bls. 80).

**Kjarvalsstaðir 2696-50**

**Hlutverk:** Fjárhús, hlaða

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Um 130m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum ofan á svonefndum Háahóli voru fjárhús og hlaða.

**Lýsing**

Húsin eru horfin og engin merki sáust um þau á yfirborði.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hesthúskofi stóð fyrrum nokkru utar, út undir hólenda við Sauðhússundið, en litlu austar er Háihóll. Þar voru fjárhús og hlaða en Hallgrímur setti síðar timburþil á hlöðuna og gerði að vélaskemmu" (2011, bls. 77).

**Kjarvalsstaðir 2696-51**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Hætta – um 5,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Gamli bæjarhóllinn er um 55m suður af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum.

**Lýsing**

Bæjarhóllinn er stór og grasi gróinn. Hann er um 30m x 40m að utanmáli.



*Mynd 34. 2696-51, horft til SV.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn. Timburhúsið á Kjarvalsstöðum var byggt 1908, bærinn þá færður um set 20 metra utar og neðar á hólinn" (2011, bls. 80).

**Kjarvalsstaðir 2696-52**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Kjarvalsstaða frá 1916 var heimreiðin rétt austan við gamla bæinn.

**Lýsing**

Engin leifar sáust á yfirborði en þarna er nú slétt tún.

**Kjarvalsstaðir 2696-53**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 230m SV af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum og suður af túninu er gata.



*Mynd 35. 2696-53, horft til SA.*

**Lýsing**

Gatan er um 4m á breidd, um 60cm á hæð og liggur NV-SA. Hún er um 90m löng.

**Kjarvalsstaðir 2696-54**

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 460m SV af íbúðarhúsinu á Kjarvalsstöðum og 360m norðaustur af íbúðarhúsinu á Nautabúi er gata.



*Mynd 36. 2696-54, horft til N.*

**Lýsing**

Gatan er vel greinanleg en grasi og mosa gróin. Hún er um 335m löng á milli Nautabús og Kjarvalsstaða, liggur NV-SA og mætir leið [2696-55] í NV. Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd.

**Kjarvalsstaðir 2696-55**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 155m austur of íbúðarhúsinu á Nautabúi austan við Nautabúsá er gata.



*Mynd 37. 2696-55, horft til N.*

**Lýsing**

Gatan liggur N-S meðfram austanverðri Nautabúsá og er um 1,8km löng. Hún er vel greinanleg, grasi gróin og fóðruð með steinum. Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd.

**Kjarvalsstaðir 2696-56**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta – 5m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 290m NV af íbúðarhúsinu á Nautabúi er hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er úr grjóti. Hún er V-laga og snýr opnunin mót norðvestri. Hún er 7x 8,5m að utanmáli, um 40cm á hæð, og að hluta mosa gróin. Tvær dældir eru í norðvesturhorninu. Stærri dældin er um 1m x 3m að utanmáli, um 50cm djúp, og liggur N-S. Hin dældin er um 1m x 1,5m að utanmáli, um 50cm djúp.




*Mynd 38. 2696-56.*



*Mynd 39. 2696-56, horft til SV.*

**Skúfsstaðir 2696-60**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta – 4m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Gamli bæjarhóllinn á Skúfsstöðum er um 20 norður af íbúðarhúsinu.

**Lýsing**

Bæjarhóllinn er grasi gróinn og illgreinanlegur. Hann er um 40 x 50m að utanmáli.



*Mynd 40. 2696-60, horft til SA.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn á Skúfsstöðum stóð á lágum hóli, skammt út og niður frá íbúðarhúsinu“ (2011, bls. 58).

**Skúfsstaðir 2696-61**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Skúfsstaða frá 1916 var heimreið rétt norðan við gamla bæinn.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni en þarna er nú slétt tún.

**Garðakot 2696-62**

**Sérheiti:** Bóndi, Neðri-Bóndi, Djákninn

**Hlutverk:** Steinn

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hættumat:** Engin hætta – um 14m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 400m NV af íbúðarhúsinu á Garðakoti, rétt austan við Hólaveg er stór steinn.



*Mynd 41. 2696-62, horft til NV.*

**Lýsing**

Steinninn er um 3m í þvermál og um 1,8m á hæð.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir „Steinninn Bóndi er rétt austan við veginn, aðeins sunnar en á móti heimreiðinni. Honum mun hafa verið þokað til við vegagerðina um 1960. Börn Jóns Kristvinssonar kölluðu hann reyndar Djáknann og söfnuður hans var margir smærri steinar sem liggja umhverfis” (2011, bls. 52).

**Garðakot 2696-63**

**Hlutverk:** Heybandsgata

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar lá gömul heybandsgata, rétt austan við Hólaveg, um 385m norður af íbúðarhúsinu í Garðakoti.

**Lýsing**

Heybandsgatan er horfin seinni tíma vegslóða.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir „Vegarslóð liggur niður frá bænum og fylgir að nokkru gömlu heybandsgötunni neðan úr Köldumýri" (2011, bls. 54).

**Garðakot 2696-64**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Garðakots frá 1916 var heimreið rétt norðan við gamla bæinn.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni en þarna er nú akvegur.

**Garðakot 2696-65**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (2011, bls. 51) og túnakorti Garðakots frá 1916 voru fjárhús þar sem hesthúsin eru.

**Lýsing**

Fjárhúsin eru horfin.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir „Hesthús var byggt 2005 á stæði gamalla fjárhúsa norðan við heimreiðina, 140$m^2$" (2011, bls. 51).




*Mynd 42. Minjar 2696-66-67.*

**Viðvík 2696-66**

**Sérheiti:** Hólakot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 8m norðan við fyrirhugaða lagnaleið



*Mynd 43. 2696-66, horft til NV:*

**Staðhættir**

Hólakot er eyðibýli í landi Viðvíkur. Býlið liggur norðan við veginn heim að Hólum ofan við svonefnt Hólakotssund, rúma 700m suðaustur af bæjarhúsum í Viðvík.

**Lýsing**

Tóftin er um 6m í þvermál og 1,2m djúp. Hún er grasi og mosa gróin. Veggir eru allt að 2,5m að breidd og um 30cm á hæð.

**Vivík 2696-67**

**Sérheiti:** Hólakot

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta – 4,5m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Hólakot er eyðibýli í landi Viðvíkur. Býlið liggur norðan við veginn heim að Hólum ofan við svonefnt Hólakotssund, rúma 700m suðaustur af bæjarhúsum í Viðvík. **Lýsing**



*Mynd 44. 2696-67, horft til N.*

Garðlagið er kringum eyðibýlið Hólakot og er grasi og mosa gróið. Það er um 270m langt. Norðausturhlutinn er horfinn. Veggirnir eru um 50cm á hæð og allt að 3m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í skýrslu BSK 2009-94 segir „Annar skurðurinn var tekinn í norðanverðan túngarðinn. Í ljós komu a.m.k. tvö byggingaskeið í garðinum. Svo virðist sem að garðurinn hafi verið að hluta hruninn um það leyti sem 1104 gjóskan féll. Mögulegt er að garðurinn hafi verið endurhlaðinn en engin gjóska fannst ofan á garðinum sjálfum og engin merki voru um 1104 gjóskuna í torfi. Neðri hluti garðsins var hlaðinn úr torfi sem í voru slitrur af fínni svartri gjósku. Gjóskan kann að vera úr Vatnajöki og er talið að hún hafi fallið um 1000 e.Kr." (2009, bls. 6).

**Viðvík 2696-68**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Gömul gata er um 500m suður af íbúðarhúsinu í Viðvík.

**Lýsing**

Gatan er vel greinanleg og grasi og mosa gróin. Hún er um 160m löng og liggur N-S.



*Mynd 45. 2696-68, horft til S.*

**Viðvík 2696-69**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið og geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirboði

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Viðvíkur frá 1916 voru tvenn útihús þar sem íbúðarhúsið stendur nú.

**Lýsing**

Húsin eru horfin.

**Viðvík 2696-70**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið og geta leynst í jörðu þó þær séu horfnar af yfirboði

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Viðvíkur frá 1916 voru tvenn útihús þar sem íbúðarhúsið stendur nú.

**Lýsing**

Horfin vegna framkvæmda.

**Viðvík 2696-71**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta – 1,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 170m suður af íbúðarhúsinu í Viðvík er þúst.

**Lýsing**

Grjót er í þústinni sem er um 10 x 20m að utanmáli og grasi gróin.

# Skaginn




*Mynd 46. 2696-73-77.*

**Keta 2696-73**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Ketu frá 1918 og Byggðasögu Skagafjarðar (1999, bls. 66) gamla bærinn var þar sem er núverandi íbúðarhúsið.



*Mynd 47. 2696-73, horft til V.*

**Lýsing**

Bæjarhóllinn er sýnilegur norður af íbúðarhúsinu og er ógreinanlegur sunnan við íbúðarhúsið. Hann er um 30m x 45m að utanmáli og grasi gróinn.

**Keta 2696-74**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – um 7m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 60m norður af íbúðarhúsinu á Ketu er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er úr torfi. Hún er um 2,5 x 4m að utanmáli. Veggirnir eru um 30cm á breidd og um 50cm á hæð. Austur langveggur og hluti af suðurvegg eru horfnir.



*Mynd 48. 2696-74, horft til A.*

**Keta 2696-75**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 65m norður af íbúðarhúsinu á Ketu er steinlögn.

**Lýsing**

Steinlögn er illgreinanleg,um 7 x 9m að utanmáli og virðist manngerð.




*Mynd 49. 2696-74-75.*

**Keta 2696-76**

**Hlutverk:** Framræsla

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 30m austur af íbúðarhúsinu á Ketu er handgrafinn skurður.

**Lýsing**

Skurðurinn er um 65m langur, um 45cm á breidd.



*Mynd 50. 2696-76, horft til V.*

**Keta 2696-77**

**Hlutverk:** Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta – um 13m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 135m suður af íbúðarhúsinu á Ketu er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er grjóthlaðið, um 40m langt og liggur NA-SV.



*Mynd 51. 2696-77, horft til SV.*




*Mynd 52. Minjar 2696-78-89.*

**Kleif 2696-78**

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 180m suður af íbúðarhúsinu á Kleif er gata.

**Lýsing**

Gatan er um 475m löng, vel greinanleg og grasi gróin. Hún byrjar við Kleifargerði, fer NV eftir Kleifarkambi og í gegnum Kambsgil og þaðan áfram til norðvesturs. Í götunni eru nokkrir ræsi úr grjóti.



*Mynd 53. 2696-78, horft til NV.*

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir „Kambur heitir brekkan beint upp af bæjarstæðinu og var þar gamli vegurinn í sneiðingi upp á brúnina" (1999, bls. 80).



*Mynd 54. Ræsi undir götunni [2696-78].*

**Kleif 2696-81**

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta – um 10m norðan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 245m SV af íbúðarhúsinu á Kleif 2m norðan við veginn [2696-78] er náma.



*Mynd 55. 2696-81, horft til V.*

**Lýsing**

Samkvæmt Jónasi Línndal Jónssyni ábúandi á Kleif var náman notað fyrir efni vegum (munnleg heimild: 05.07.21). Hún er grasi gróin, um 4m x7m að utanmáli og liggur V-A meðfram veginn [2696-78].

**Kleif 2696-83**

**Hlutverk:** Hemreið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta - minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Vestan við Kleifargerði, um 60m SV af íbúðarhúsinu á Kleif er gamall heimreið.



*Mynd 56. 2696-83, horft til S.*

**Lýsing**

Gatan er um 150m löng, liggur N-S og er grasi gróin. Í götunni eru nokkrir ræsi úr grjóti.

**Kleif 2696-85**

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta – minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Samkvæmt Jónasi Líndal Jónssyni (munnleg heimild: 05.07.21) um 115m suður af íbúðarhúsinu á Kleif er hóll sem er álagablettur.



*Mynd 57. 2696-85, horft til S.*

**Lýsing**

Hóllinn er um 6,5m x 9,5m að utanmáli og grasi gróinn. Óvíst er hvort hóllinn sé náttúrulegur eða manngerður.

**Kleif 2696-86**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

U 100m suður af íbúðarhúsinu á Kleif var túngarður.

**Lýsing**

Túngarðurinn sást ekki á yfirborði við vettvangsskráningu.

**Kleif 2696-87**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Mikil hætta – minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 55m suður af íbúðarhúsinu á Kleif er dæld, leifar af fjárhúsinu sem þarna stóð.

**Lýsing**

Dældin er um 6,5m x 7,5m að utanmáli og grasi gróin.

**Aðrar Upplýsingar**

Samkvæmt Jónasi Líndal Jónssyni (munnleg heimild: 05.07.21) og túnakorti Kleifa frá 1918 stóðu þarna fjárhús.

**Kleif 2696-89**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Mikil hætta – 4m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 205m suður af íbúðarhúsinu á Kleif er dæld.

**Lýsing**

Dældin er 3m x 4m að utanmáli og grasi gróin. Girðing fer yfir dældina.



*Mynd 58. 2696-89, horft til SV.*

**Hvalnes 2696-90**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Hætta – um 8m austan við fyrirhugaða lagnaleið

**Staðhættir**

Um 200m norður af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er gamli bæjarhóllinn.

**Lýsing**



*Mynd 59. 2696-90, horft til N.*

Bæjarhóllinn er um 45m í þvermál, vel greinanlegur og grasi gróinn. Búið er að slétta hann og engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði.

**Borgarlækur 2696-91**

**Hlutverk:** Óþekkt, brunnur?

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta – um 12m austan við fyrirhugaða línu

**Staðhættir**

Um 190m norður af íbúðarhúsinu á Bergskála er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 2m að utanmáli, um 80cm djúp og grasi og mosa gróinn. Hann hefði getað verið brunnur.

**Borgarlækur 2696-92**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 160m norður af íbúðarhúsinu á Bergskála er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er vel greinanleg og grasi gróin. Hún er um 17 x 19m að utanmáli og liggur N-S. Tóftin er úr grjóti, torfi og steinsteypu. Tóftin er skipt í fjögur hús. Vestast er fjárhús með grjóthlöðnum garða með steyptri plötu. Garðinn er rúmlega 15m langur, 80cm breiður og allt að 60cm hár. Veggir eru allt að 2,5m að breidd og allt að 70cm á hæð. Veggir austasta hússins eru steinsteyptir. er úr steinsteypu og eru um 50cm á breidd.




*Mynd 60. 2696-92.*



*Mynd 61. 2696-92, horft til NV.*

**Borgarlækur 2696-94**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta – minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 850m suður af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er gata.

**Lýsing**

Í skýrslu BSK 2017-170 segir „Gata liggur meðfram sjávarbakkanum í landi Hvalness og Borgarlækjar. Frá merkjum við Hvalnes liggur hún til SSV í átt heim að íbúðarhúsinu á Bergskála. Sá hluti sem er í Borgarlækjarlandi er um 320m" (2017, bls. 98).

**Aðrar upplýsingar**

Gatan [1803-173] hefur áður verið skráð í BSK 2017-170 eftir Bryndísi Zoëga.

**Selnes 2696-93**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta – um 5,5m vestan við fyrirhugaða línu

**Staðhættir**

Um 70m NV af íbúðarhúsinu á Selnesi er gömul gata.

**Lýsing**

Gatan er vel greinanleg, um 230m löng og liggur NV-SA meðfram brekku til suðurs.




*Mynd 62. 2696-93.*

**Hóll 2696-95**

**Hlutverk:** Beðaslétta

**Tegund:** Jarðrækt

**Hættumat:** Hætta – um 6,5m sunnan við fyrirhugaða línu

**Staðhættir**

Um 35m austur af íbúðarhúsinu á Hóli er beðasléttur.



*Mynd 63. 2696-95, horft til A.*

**Lýsing**

Beðasléttturnar eru vel greinanlegar og ná yfirum 6300m$^2$.

**Hvammkot 2696-97**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma

**Hættumat:** Hætta – um 15m austan við fyrirhugaða línu

**Staðhættir**

Um 325m NV af íbúðarhúsinu á Hvammkoti er mógröf.

**Lýsing**

Mótekjusvæðið er um 966m² og liggur NV-SA.



*Mynd 64. 2696-97, horft til A.*

**Hvammkot 2696-98**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Híbýli

**Hættumat:** Mikil hætta – um 1m austan við fyrirhugaða línu

**Staðhættir**

Gamli bæjarhóllinn í Hvammkoti er um 35m SA af íbúðarhúsinu.

**Lýsing**

Bæjarhóllinn er illgreinanlegur, grasi gróin og um 35m x 45m að utanmáli. Búið er að slétta úr honum og engar minjar sýnilegar á yfirborði.



*Mynd 65. 2696-98, horft til NV.*

**Hvammkot 2696-99**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti Hvammkots frá 1918 var heimreiðin rétt vestan við gamla bæinn.

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni og þarna er nú slétt tún

**Foss 2696-100**

**Sérheiti:** Stóraþúfa

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Þúfa, steinn

**Hættumat:** Mikil hætta – minjar eru í lagnaleið

**Staðhættir**

Um 45m austur af íbúðarhúsinu á Fossi er þúfa umhverfis stóran stein sem nefnist Stóraþúfa.



*Mynd 66. 2696-100, horft til A.*

**Lýsing**

Stóraþúfa er um 2m x 2,5m að utanmáli.

**Aðrar upplýsingar**

